

Reykjavík, 10. maí 2023

Umhverfis- og  
skipulagssvið  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

**Til:** Umhverfis- og skipulagsráðs

**Efni:** Fyrirspurn um veggjakrot

Þjónustuver  
Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

411 1111

Vísað er til fyrirspurnar Flokks fólksins um veggjakrot dagsetta 8. mars 2023 og lagða fram að nýju þann 12. apríl 2023 (USK23030094). Fyrirspurnin er svohljóðandi: „Veggjakrot er áberandi í miðborginni sem og annars staðar í Reykjavík. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um hvernig staðan er í þessum málum. Hver er kostnaður við að hreinsa veggjakrot og hversu hratt er gengið í að hreinsa veggjakrot að þegar það er tilkynnt um slíkt. Til að ná sem bestum árangri á hreinsun áskemmdarverkum af völdum veggjakrots verður að vera samvinna á milli Reykjavíkurborgar, lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, íbúa, rekstraraðila og/eða fasteignaeigenda. Flokkur fólksins spyr líka hvort þarna sé virkt samstarf? Reykjavík er mikil ferðamannaborg og telur Flokkur fólksins mikilvægt að ásýnd borgarinnar sé okkur til sóma“.

Reykjavíkurborg þrífur veggjakrot af byggingum og götugögnum í eigu borgarinnar en ekki af byggingum eða öðrum búnaði í einkaeigu. Skrifstofa borgarlandsins er með virkt eftirlit í miðbænum og fylgst er með veggjakroti og reynt að bregðast við eins fljótt og mögulegt er. Einnig fáum við ábendingar í gegnum ábendingavef Reykjavíkurborgar <https://reykjavik.is/abendingar>

Reykjavíkurborg er einnig með ráðgjöf fyrir einkaaðila varðandi hvernig best er að bregðast við veggjakroti. Nánari upplýsingar á slóðinni <https://reykjavik.is/veggjakrot>

Kostnaður borgarinnar vegna veggjakrots var um 13,5 m.kr. árið 2022.

Beðist er velvirðingar á seinkun á svörum við erindinu.

Virðingarfyllst,

Hjalti J. Guðmundsson

Skrifstofustjóri borgarlandsins